

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Þá er **árshátíðarvika nemenda** farin af stað og er óhætt að segja að stemningin fari vaxandi með hverjum deginum. Hér má sjá **dagskrá vikunnar** en ég vil auðvitað vekja sérstaka athygli á morgundeginum, **árshátíðardeginum** sjálfum, þá bæði nemendasýningu leikfélagsins á **Engin venjuleg ávaxtakarfa** og á dansleik NFF sem fram fer í Gamla bíói seinna um kvöldið.

Dagskrá árshátíðarviku NFF	
<b>Mánudagur</b>	Hoppukastali og karaoke á sal
<b>Þriðjudagur</b>	Bæjarins bestu - pulsar í boði fyrir alla
<b>Miðvikudagur</b>	Árshátíðardagur NFF Kennnt fyrstu tvo tímana  Erindi á sal kl. 10:50 - Stígamót, sjúk ást Nemendasýning á leikriti Leikfélags Flb kl. 14 í bæjarbíó Matur fyrir þá sem keyptu miða í mat kl. 17:30 í Hamarssal Dansleikur í Gamla bíó frá kl. 22-01
<b>Fimmtudagur</b>	Kennslufall í fyrsta tíma  Kennarar fylgja sínum hópum á sal og sitja erindi Kennsla hefst kl. 09:50

Allar nánari upplýsingar um viðburðina má finna á samfélagsmiðlum skólans og NFF en miðasölu lýkur á alla helstu viðburðina lýkur á miðnætti í kvöld. Ég vil minna á að skólinn leggur mikla áherslu á fyrirmyndarhegðun á dansleikjum skólans og heilbrigðan lífsstíl. **Ölvun ógildir alltaf miðann** – allar nánari upplýsingar um reglur á dansleikjum og/eða viðburðum á vegum NFF og skólans má sjá [hér](#). Þá vil ég líka vekja athygli á **Fyrirmyndarpotti** skólans þar sem allir nemendur eru hvattir til að blása í áfengismæla og taka þátt í happdrætti þar sem veittir eru **veglegir vinningar**, m.a. frá foreldraráði skólans, nemendafélaginu og skólanum.

**Athugið vel að kennsla fellur niður í fyrsta tíma fimmtudaginn 11. apríl.**

Að lokum vil ég vekja athygli á að **skráning í sérúrræði fyrir lokapróf** fer fram á INNU þessa dagana. Skráningin er undir hnappnum **Skrá sérúrræði**, neðst á INNU-síðunni og lýkur henni á miðnætti **föstudaginn 12. apríl**.

Bestu kveðjur til ykkar

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400



